

Aðalfundur Foreldrafélags Setbergsskóla

Fimmtudagur 10.10.2019

Fundur settur 19:30

Erindi frá KVAN – Anna Lilja Björnsdóttir, Samskipti, vinátta og sjálfsmynd.

Mikilvægi félagsfærni, breytt samfélag hefur haft þau áhrif að börn í dag fá ekki eins mikla náttúrulega þjálfun í þessum þáttum. Félagfærni hefur áhrif á þá mynd sem samskipti innan hópa taka á sig. Mikilvægt fyrir foreldra að átta sig á því hvernig barnið þeirra upplifir sig meðal jafningja.

Börn geta staðið frammi fyrir því að eiga í vináttuvanda, ákveðin hegðun einstaklinga getur verið þess valdandi að börn lendi í vanda, auðvelt að þjálfra og kenna börnum leiðir til að forðast þetta vandamál. Mikilvægt að innræta með börnum að hafa áhuga á öðru fólki, með því öðlast þau félagafærni. Kennum börnun að nálgast aðra með þessu viðhorfi : Spyrja Hlusta Spyrja Hrósa.

20:15 Súpuhlé

20:30 Vala Steinsdóttir fjallar um hlutverk bekkjarfulltrúa.

Bekkarfulltrúar eru mikilvægur hlekkur í því að styrkja samstarf foreldra/forráðamanna og nemenda og samband heimila og skóla. Glærur sem nánar útskýra hlutverk bekkjarfulltrúa verða gerðar aðgengilegar eftir fundinn. Bekkarfulltrúalistinn hefur verið gerður aðgengilegur á vef Setbergsskóla þannig að bekkjarfulltrúar innan árganga geti tengt sig saman. (Undir heitinu foreldrafulltrúar)

Minna alla foreldra á að finna facebook síðu foreldrafélagsins.

Spurt um foreldraröltið, byrjað aftur í fyrra eftir tveggja ára hlé. Hefur reynst erfitt að manna, mögulega þörf á því að nálgast þetta með öðrum hætti. Í sumum hverfum hefur þetta verið leyst með því að setja í gang íbúarölt, margt um að vera í hverfinu sem tengist skólanum ekki beint. Nauðsynlegt að aðilar með brennandi áhuga til að leiða svona starf, svona starf hefur forvarnargildi og hefur sýnt sig að það virkar. Vilji fyrir því að reyna áfram að halda úti foreldrarölti, breyta fyrirkomulaginu með þeim hætti að einn árgangur manni röltið með það fyrir augum að reyna að ná fullri mönnun. Bekkarfulltrúar í hverjum árgangi minna foreldrahópin á þegar kemur að því að manna röltið. Fulltrúar foreldrafélagsins útbúa plan. Foreldrar staðfesta að hafa tekið röltið með því að setja mynd af hópnum á facebook. Í lok tímabilsins er tekið saman hvaða árgangur hefur staðið sig best í að manna röltið (hlutfallslega) og viðkomandi hópi boðið í pizzaveislu.

21:00 Formlega aðalfundardagskrá hefst

Fundarstjóri: Kristín Thoroddsen

Skýrsla stjórnar – Vala Steinsdóttir formaður

Fundað að jafnaði 1 sinni í mánuði yfir skólaárið. Farið yfir helstu viðburði sem foreldrafélagið kom að.

Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði Setbergsskóla - Jökull Már Pétursson

Mikið rætt um ástand á húsnaði skólans, kallar á talsvert viðhald og endurbætur. Mikilvægt að fá meira fjármagn í viðhald á skólahúsnaði bæjarins.

Skýrsla stjórnar og skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði Setbergsskóla samþykkt einróma

Gjaldkeri kynnir ársskýrslu - Áshildur Hlín

Tekjur 837 þúsund, gjöld 684. Helstu útgjöld tengjast föstum liðum í dagskrá foreldrafélagsins og aðkeyptir fyrirlestrar. Keyptir boltar inn í hvern bekk. Rekstrarhagnaður um 155 þúsund eftir árið, sjóður félagsins stendur því, í um 268 þúsund eftir árið.

Ársskýrsla gjaldkera samþykkt einróma.

Kosning stjórnar:

Eftirtaldir aðilar gefa áfram kost á sér:

Lára Hafberg

Haukur Agnarson

Vala Steinsdóttir

Ný framboð:

Halla Thoroddsen

Tinna Hrund Gunnarsdóttir

Ofangreindir aðilar hljóta kosningu aðalfundar í stjórn foreldrafélagsins.

Kosning fulltrúa foreldra í skólaráð Setbergsskóla

Eftirtaldir aðilar gefa áfram kost á sér:

Katrín Ásta

Jökull Már Pétursson

Nýtt framboð í hlutverk varamanns: Lilja Helgadóttir

Grenndarfulltrúi er formaður foreldrafélags Vala Steinsdóttir

Ofangreindir aðilar hljóta kosningu aðalfundar sem fulltrúar foreldra í skólaráði Setbergsskóla.

21:32 Fundi slitið.